

Viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum við umhverfismatsskýrslu vegna endurnýjunar búnaðar og aukinnar framleiðslugetu eggjabús Vallár á Kjalarnesi

Nr.	Umsögn	Svar framkvæmdaraðila
1	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	
1.1	„Fyrirhuguð framkvæmd er ekki leyfisskyld hjá HER. Almennu telur HER að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum. Fyrirhugaður búnaður uppfyllir BAT kröfur, farvegur er fyrir úrgang frá búinu og búnið er að gera grein fyrir dreifingu lyktarmengunar. HER telur þó að skerpa þurfi á ákveðnum atriðum.“	Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina, hún krefst ekki viðbragða.
1.2	„Hvað frárennsli frá húsunum varðar þarf að koma betur fram hvort rotþró anní auknu rennsli. Viðstöðutími í þró þarf að vera nægjanlegur og ef mikið magn vatni berst inn í einu er hættu á að hann verði of stuttur. Þá er spurning hvort siturbeð sé nógu stór til að taka við auknu frárennsli. Tekið er fram að sótthreinsiefni berist ekki í rotþró, óljóst er hvernig koma á í veg fyrir að hreinsiefni og sótthreinsiefni berist í þrónna við þrif.“	Í umhverfismatsskýrslu kemur fram, að nýverið hafi verið komið fyrir stórru rotþró sem tekur um 12-16 tonn og jafnframt að unnið hafi verið að úrbótum á henni í samvinnu við HER. Hún er tæmd reglulega. Í dag eru notaðir um 500 lítrar af vatni til daglegra þrifa og við eggjabvott. Þar sem um mjög stóra þró er að ræða, mun aukið vatnsmagn ekki hafa neikvæð áhrif á íverutíma skólpsins, jafnvel þótt vatnsnotkun aukist umtalsvert. Einnig hefur verið ráðist í úrbætur á siturbeðinu, sem er af þeirri stærðargráðu að það mun geta tekið við auknu vatnsmagni við stækkun búsins.
1.3	„Í kafla um lyktarmengun er talið að hættu á lyktarmengun geti verið minni en áður vegar bættis útbúnaðar sem skilar þurrari skít, þrátt fyrir stækkun búsins. HER bendir á að skólahúsnæði er í um 500 fjarlægð frá húsunum og hafa ber í huga að börn eru viðkvæmari fyrir mengun en fullorðnir. Gerðar hafa verið gerðar rannsóknir á dreifingu mengunar frá þauleldisbúum og mögulegum heilsufarsáhrifum af því að búa í nágrenni stórra alifuglabúa. Að mati HER ætti að fjalla um möguleg heilsufarsáhrif af því að búa í nágrenni alifuglabús af þessari stærð miðað við fyrirliggjandi upplýsingar og rannsóknir.“	Ekki er vitað til þess að gerðar hafi verið rannsóknir hérlendis á dreifingu mengunar frá þauleldisbúum og mögulegum heilsufarsáhrifum af því að búa í nágrenni stórra alifuglabúa. Í rannsókn sem gerð var í Hollandi árið 2017 var ályktað að fólk sem byggi í minna en 1 km fjarlægð frá kjúklingabúi væri 11% líklegri til þess að fá lungnabólgu vegna ryks frá búinu sem bæri með sér bakteríur úr umhverfinu. ¹ Hér má þó benda á að aðstæður í Hollandi eru ólíkar íslenskum, t.d. varðandi veðráttu.

¹ <https://pneumonia.biomedcentral.com/articles/10.1186/s41479-017-0027-0>

		<p>Vegna rykmyndunar á eggjabúinu á Vallá verður bestu fánlegu tækni fylgt til að tryggja að rykmyndun sé í lágmarki. Hænum er gefið kögglað fóður, hefilsþæmir eru notaðar á gólf, fóðursíló eru búin rykskiljum og loftræstikerfi er tölvustýrt með hægu loftstreymi.</p> <p>Ammoníak er ein sú lofttegund sem helst losnar frá hæsnaskít. Í miklu magni getur það valdið óþægindum í öndunarfærum og augum og jafnvel haft skaðleg áhrif.² Með endurnýjuðum búnaði verður hæsnaskíturinn sem fellur til á búinu mun þurrari samanborið við skít frá eldri búnaði, en því þurrari sem skíturinn er því minna ammoníak myndast og losnar. Í starfsleyfi eggjabúsins má gera ráð fyrir að gerð verði krafa um hámarkslosun ammoníaks frá húsum.</p>
1.4	<p>„Í kafla um yfirborðsvatn og grunnvatn er talað um að miðað verði við að ekki sé dreift nær en 50 m frá vatni/vatnsföllum og borholum. Að mati HER mætti þessi fjarlægð vera meiri, eins þarf að taka mið af landfræðilegum aðstæðum. Við Geldingaá er fyrirhugað dreifingarsvæði innan grannsvæðis vatnsbóls, en skv. aðalskipulagi á að vera heimilt að dreifa þar undir ströngu eftirliti. Að mati HER er ekki æskilegt að dreifa húsdýraáburði inni á grannsvæði vatnsbóla enda þau svæði afmörkuð til verndar brunnsvæð og skilgreind sem slík þar sem vatn frá þeim getur borist inn á brunnsvæðið og þar með í vatnsból.“</p>	<p>Líkt og fram hefur komið er dreifingin á Geldingaá starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Gera má ráð fyrir að í starfsleyfi verði ákvæði um dreifingu á svæðinu til þess að fyrirbyggja mengun, s.s. fjarlægðir frá yfirborðsvatni og borholum. Framkvæmdaraðila er ljóst, að ekki er heimilt að dreifa hæsnaskít á stöðum þar sem að hann getur mengað læki, ár, eða vatnsból.</p>
2	Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	
2.1	<p>„Dreifing á skít við Geldingaá athugasemd við umfjöllun. Búið er að rækta upp stóran hluta innan reitsins og því er ekki sama næringarefnaþörf og meðan svæðið var allt óuppgrætt. Eftir sem áður er talað um á bls. 16 að skítinum verði dreift á 256 ha. uppgræðslusvæði. Ekki er nægjanlega tekið tillit til þessa í umhverfismatsskýrslunni þ.e. að það er ólík næringarefnaþörf þar sem er engin gróður og þar sem þegar er gróður. Fjalla þarf um hvaða magni er óhætt að dreifa á þessu tiltekna landsvæði, í</p>	<p>Uppgræðsla við Geldingaá með dreifingu hæsnaskíts hefur skilað góðum árangri og er hluti svæðisins orðinn vel gróinn. Með uppgræðslunni hefur kolefnisbinding jarðvegsins aukist og skilar það sér í aukinni vatnsheldni hans. Þetta þýðir að jarðvegurinn hleypir vatni ekki eins auðveldlega í gegn og hætta á útskolun næringarefna minnkar. Hins vegar er rétt að landið</p>

² <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1568>

minnisblaði sem fylgir skýrslunni er vísað til þess að leita þurfi ráðgjafar með það og ljóst sé að 300 ha dugi ekki til framtíðar fyrir uppgengið magn áburðar. Sömuleiðis þarf að spá í hvort líklegt sé að það verði útskolun næringarefna á þessu tiltekna svæði sem gæti haft áhrif á leyfi til dreifingar innan grannsvæða.“

kemur ekki til með að duga til framtíðar. Fyrirhugað er að leita ráðgjafar Landgræðslunnar vegna frekari dreifingar seinna meir.

Með hækkandi verði á tilbúnum áburði mun þörfin fyrir bætta nýtingu á lífrænum úrgangi aukast. Gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir á nýtingu lífrænna áburðarefna til landbúnaðar og landgræðslu sem sýna allar að næringarefnin í úrganginum eru dýrmæt og þau má nýta á umhverfisvænan hátt bæði til landbúnaðar og landgræðslu. Í nýlegri skýrslu, *Greining á magni lífrænna áburðarefna*, sem gefin var út í tengslum við rannsóknarverkefnið *Sjálfbær áburðarframleiðsla – heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfið*, kemur fram að heildarmagn næringarefna í lífrænum úrgangi sem til fellur hér á landi er svipað því magni sem er í innfluttum áburði. Það má því segja að brýnt sé að bæta nýtingu næringarefna í lífrænum úrgangi hér á landi.

Árið 2021 gaf Landgræðslan út skýrsluna *Hagræn áhrif og loftslagsáhrif áburðarnotkunar* í tengslum við gerð reiknivélar, sem reiknar út kolefnisspor og kostnað við notkun tilbúins áburðar til samanburðar við ýmsar tegundir lífræns áburðar, t.d. búfjáráburðar. Í skýrslunni kemur m.a. fram, að með umræddri reiknivél megi sjá að kostnaður við notkun tilbúins áburðar er ríflega 40% meiri en ef notaður er kjúklinga- og hænsnaskítur og að kolefnisspor tilbúna áburðarins er næstum 80% hærra.

Vert er einnig að nefna, að í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum eru aðgerðir sem ætlaðar eru til þess að draga úr notkun tilbúins áburðar og bæta nýtingu hans, sem og nýtingu búfjáráburðar. Sem dæmi um aðgerðir má nefna að matvælaráðuneytið gerði samning við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins í apríl 2022 um sérstakt tveggja ára verkefni á þessu sviði, þar sem lögð verður áhersla á að efla greiningarvinnu bænda og bæta þar af leiðandi nýtinguna.

		<p>Þá hefur Landgræðslan lýst yfir ánægju sinni með að aukin áhersla sé lögð á nýtingu hæsnaskíts til landgræðslu og vonast til að samstarf um þessi mál komi til með að aukast (sjá umsögn í lið 4 hér að neðan).</p> <p>Framkvæmdaraðili telur því, að með aukinni áherslu og þörf fyrir bættu nýtingu búfjáraburðar, verði mögulegt að finna viðbótarsvæði til að nýta hæsnaskítinn þegar ekki er þörf fyrir frekari uppgæðslu á þeim svæðum sem fyrirhugað er að dreifa á og fjallað er um í umhverfismatsskýrslunni.</p>
2.2	<p>„Á bls. 6 og bls. 49 er vísað í að dreifing fari fram samkvæmt þeim ákvæðum sem gefin verða í starfsleyfi um takmarkanir innan brunnsvæða... Nú hefur ekkert starfsleyfi verið gefið út og t.d. ekki ljóst hvort bannið nái einungis til brunnsvæða eða mögulega einnig til grannsvæða eins og í samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfðuðborgarsvæðisins. Þar kemur eftirfarandi fram í 26. gr. „Ræktun og uppgæðsla á grannsvæðum er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Þegar sótt er um slíkt leyfi skal leggja fram áætlun um framkvæmdina. Heilbrigðisnefnd setur þau skilyrði fyrir leyfinu sem hún telur eiga við hverju sinni og skal leyfið bundið við tiltekið svæði, árafjölda og framkvæmdaraðila. Í leyfinu skal tekið fram magn og meðferð áburðar og á hvaða tíma ársins dreifing sé heimil. Notkun tilbúins áburðar er eingöngu heimil í undantekningartilvikum.“ Ef þetta er niðurstaðan breytir það ansi miklu um stærð þess lands sem heimilt yrði að dreifa skít á í Geldingaá og ljós að leggja þyrfti til annað dreifingarsvæði. Ekki er fjallað um hvar má og hvar má ekki dreifa lífrænum áburði í reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn eins og segir á bls. 24.</p> <p>Enn liggur ekki fyrir með óyggjandi hætti að óleyfisdreifing sem þegar hefur farið fram á Geldingaá hafi ekki neikvæð áhrif á gæði neysluvatns. Sú rannsókn hefur ekki farið fram.“</p>	<p>Fyrirhugað er að sótt verði um starfsleyfi vegna dreifingar hæsnaskíts. Dreifingu verður hagað í samræmi við ákvæði starfsleyfis.</p>
2.3	<p>„Við skoðun á dreifingarstað sést að skít er komið fyrir á afmörkuðu svæði í opnum haug þaðan sem hann er fluttur áfram til dreifingar. Í umhverfismatsskýrslu er upplýst að skitur sé fluttur í haughús við Geldingaá sem rúmar 120 tonn (bls 33). Undirritaður hefur ekki skoðað umrætt haughús en</p>	<p>Dreifing á skít í landi Geldingaár byggir á samningi um afhendingu og móttöku skítsins og er greitt fyrir þá dreifingu. Geymsla og varsla hans er á ábyrgð bóndans á Geldingaá, og</p>

	<p>fyrir liggur að tugir vörubílsfarma af skít er komið í haug á land Geldingaár án leyfis. Þetta svæði er ekki boðlegt til móttöku á skítum vegna aðstöðuleysis. Gera þarf grein fyrir hvernig aðstaða verður byggð upp til að taka á móti svo miklu magni af skít. Kæmi þá til álita að þar væru plön með bundnu yfirborði þar sem afrennsli væri í rotþró eða sambærilega hreinsun.“</p>	<p>framkvæmdaraðili hefur ekki forræði á því að skipuleggja aðstöðu í hans landi.</p> <p>Þar sem dreifing á skít er starfsleyfisskyld hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, er gert sé ráð fyrir að sótt verði um starfsleyfi hjá heilbrigðiseftirlitinu, þar sem verði ákvæði sem varða m.a. móttöku skíts.</p>
2.4	<p>„Magn á skít per fugl Í skýrslunni er miðað við að magn af skít per fugls sé 40 grömm, æskilegt væri að leggja fram einhver gögn því til stuðnings.“</p>	<p>Þyngd hæsnaskítsins er háð aðstæðum hverju sinni, svo sem undirburði í eldishúsum, þéttleika fugla, drykkjarbúnaði og loftræstingu. Almennt er miðað við að þyngd hæsnaskíts frá hverjum fugli sé um helmingur af þyngd þess fóðurs sem honum er gefið og að rakainnihald fersks skíts er um 75%. Með uppgufun getur skíturinn því tapað þyngd fljótt.³</p> <p>Að Vallá hefur nýr Aviary Pro 10 varpbúnaður þegar verið tekinn í notkun í tveimur byggingum búsin. Hæsnaskíturinn sem þar fellur til er mjög þurr og um 60% léttari en þar sem eldri búnaður hefur verið í notkun. Þar hefur skítur verið um 100 g/fugl/dag.</p> <p>Í tengslum við umhverfismat kjúklingabús Matfugls á Melavöllum var magn hæsnaskíts sem þar myndaðist mælt yfir fjögurra mánaða tímabil árið 2007⁴. Niðurstöður mælinga sýndu að árlegt magn hæsnaskíts frá hverjum fugli var að meðaltali 7,2 kg/fugl, sem samsvarar um 20 g/fugl/dag. Þetta magn hæsnaskíts er töluvert lægra en það sem áætlað er að falli til á búinu að Vallá enda er þar um að ræða varphænur en ekki kjúklinga. Þrátt fyrir að aðstæður á búunum séu ólíkar geta þessi gögn þó stutt við mat framkvæmdaraðila á magni hæsnaskíts.</p>
2.5	<p>„Leyfi</p>	<p>Starfsemi Stjörnueggja telst ekki til iðnaðarframleiðslu heldur er um að ræða starfsemi á sviði landbúnaðar. Dreifing á skít í landi</p>

³ https://secure.caes.uga.edu/extension/publications/files/pdf/B%201245_3.PDF

⁴ <https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/630/St%C3%A6kkun%20kj%C3%BAklingab%C3%BAs%20%C3%A1%20Melav%C3%B6llum.pdf>

	<p><i>Dreifing á skít er starfsleyfis skyld hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri mengunarvarnaeftirlit eins og fram kemur og myndi starfsleyfishafi þá sækja um starfsleyfi fyrir móttöku og dreifingu á þessum úrgangi frá búinu. Þannig þarf bæði aðstaða til móttöku og dreifing á skít að uppfylla ákvæði reglugerða. Það er lögfræðilegt álitamál hvort iðnaðarframléiðandi af skít geti gefið öðrum aðila skitinn og fríað sig þar með allri ábyrgð af söfnun og dreifingu hans, undirritaður er ekki sannfærður um að svo sé. Starfsleyfi er grenndarkynnt í 4 vikur og geta því hagsmunaaðilar komið á framfæri tillögum að breytingum á starfsleyfinu eða mótmælt því ef við á.“</i></p>	<p>Geldingaár byggir á gagnkvæmum samningi um afhendingu og móttöku skitsins, og fyrir þá dreifingu er greitt. Sú almenna regla gildir í viðskiptum að áhætta af hinu selda færast yfir á kaupanda við afhendingu. Ekki verður séð að önnur regla gildi í þessu tilviki.</p> <p>Líkt og fram kemur í umhverfismatskýrslu er gert ráð fyrir að sótt verði um starfsleyfi vegna dreifingar hæsnaskíts þar sem verði ákvæði um móttöku og dreifingu hans.</p>
3	Hvalfjarðarsveit	
3.1	<p>„Í gildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 eru merkt inn þó nokkur vatnsból og brunnsvæði í landi Geldingaár þar sem fyrirhugað er að dreifa hæsnaskít. Stór hluti svæðisins er einnig skilgreindur sem vatnsverndarsvæði. Samkvæmt umræddu skipulagi er dreifingarsvæðið við Geldingaá innan skilgreinds vatnsverndarsvæðis. Við austurjaðar afmarkaðs svæðis er brunnsvæði vatnsbóls við Bugalæk þar sem fyrirhugað er að dreifa hæsnaskít. Hluti afmarkaðs svæðis er einnig innan skilgreinds grannsvæðis vatnsbóls. Þá eru samkvæmt auðlindakorti aðalskipulagsins tilgreind nokkur brunnsvæði til viðbótar bæði innan afmarkaða svæðisins og sunnan við það. Í aðalskipulagi er tekið fram að innan grannsvæðis vatnsbóls skuli áburðarnotkun vera undir ströngu eftirliti.</p> <p>Vatnsbólin í landi Geldingaár eru nýtt af nærliggjandi bæjum og hafa verið það frá árinu 1964. Jarðfræðilegar aðstæður eru þannig að efsta jarðlagið (þ.e.a.s. undir jarðvegi, þar sem hans nýtur við) er möl, yfirleitt 1-2 metrar að þykkt. Hún er hriplek og tekur vel við öllu yfirborðsvatni. Undir henni er þéttur jökulruðningur sem hleypir vatni illa í gegnum sig. Vatn sem kemur að ofan stoppar því á þessum lagmótum og rennur um mölina sem grunnvatn. Landslagið bendir til þess að grunnvatnsrennsli frá landgræðslusvæðinu (áburðardreifingarsvæðinu) sé til suðurs í átt að vatnsbóli Skipaness. Vera kann að skurðirnir umhverfis mýrina, sem vatnsbólið er í, hafi einhver áhrif. Það þyrfti að kanna og meta betur. Samkvæmt áliti jarðfræðings sem Hvalfjarðarsveit</p>	<p>Vísað er til svars við umsögn í lið 1.4. Varðandi áhrif uppgræðslu og vatnsheldni jarðvegs er auk þess vísað til svars við athugasemd í lið 2.1.</p>

<p>leitaði til, er lagt til að svæðið sé skoðað með tilliti til þess að mengun sé möguleg frá dreifingasvæðinu, þar sem dreifing hæsnaskíts liggur ofar í landinu og því getur mengað vatn sigið niður í grunnvatnið sem leiðir að brunnsvæði. Mikilvægt er talið að sérfræðingar á þessu sviði meti hvort hætta sé á mengun.</p> <p>Um landið rennur samnefnd á, Geldingaá, og hún fellur í Grunna fjörð.</p> <p>Sveitarfélagið áréttar að Grunna fjörður er svokallað Ramsar svæði, sem þýðir að um það gilda ákveðnar reglur sem alþjóðlega mikilvægt votlendi. Þá er óraskað votlendi við suðurjaðar svæðisins, sem nýtur sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum og skv. gildandi aðalskipulagi.</p> <p>Í reglugerð um neysluvatn (nr. 536/2001) segir í 9. gr.: Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri griðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.“</p>	
<p>3.2 „Í umhverfismatsskýrslunni kemur fram að skíturinn sem fellur til á eggjabúinu á Vallá fari í gám og sé fjarlægður þaðan eigi sjaldnar en tvisvar í viku og fluttur að Geldingaá. Einnig kemur fram að þar (á Geldingaá) sé hauggeymsla til geymslu á skít sem rúmar um 120 tonn af skít. Hvalfjarðarsveit óskar eftir nánari upplýsingum um hauggeysluna á Geldingaá og flutning og flutningsmáta gámana á milli svæða.</p> <p>Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri (nr. 804/1999) segir í 7.gr. að: Í starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu skulu vera ákvæði um söfnun, geymslu og dreifingu búfjáraburðar sem taki mið af starfsreglum um góða búskaparhætti.“</p>	<p>Flutningur skítsins fer þannig fram að hann er fluttur að Geldingaá með vöruflutningabifreiðum sem flytja gáma. Flutningar eru í samræmi við umferðarlög og eru umferðarreglur virtar. Fyrirkomulag á dreifingu búfjáraburðar er með sama hætti og dreifing búfjáraburðar annarra bænda í Hvalfjarðarsveit.</p> <p>Líkt og fram kemur m.a. í svörum við umsögnum 2.3 og 2.5 er gert ráð fyrir að sótt verði um starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands fyrir dreifingu og móttöku skíts að Geldingaá.</p>
<p>3.3 „Í kynningarferlinu varðandi tillögu að matsáætlun, benti Hvalfjarðarsveit á að mikilvægt væri að umfjöllun yrði um lyktarmengun við Geldingaá vegna þess magns af skít sem dreifa á þar ár hvert. Óskar sveitarfélagið eftir rökstuðningi fyrir því hvers vegna það er ekki gert. Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns</p>	<p>Í kafla 4.1.4 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um lyktarmengun bæði frá eggjabúinu að Vallá og frá dreifingasvæðunum við Geldingaá og Hvítárvellu. Gerð er grein fyrir ríkjandi vindáttum á svæðinu m.t.t. nálægri bæja. Við mat á áhrifum var auk þess</p>

	<i>af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri (nr. 804/1999) segir í grein 7.2 að í umsókn um starfsleyfi fyrir starfsleyfisskylda búfjárframleiðslu eigi fyrirtæki að gera ráðstafanir til að draga úr óþægindum m.a. vegna lyktarvandamála vegna geymslu og dreifingar búfjáraburðar.“</i>	tekið tillit til þess að ekki hefur verið kvartað undan lyktarmengun vegna dreifingar á hæsnaskít við Geldingaá, hvorki til samstarfsaðila á Geldingaá eða í formlegu umsagnarferli umhverfismatsins.
3.4	<i>„Búfjáraburður getur verið uppspretta sýkla en í kafla um sýkingarhættu er niðurstaðan sú að sýkingarhætta frá starfsemi sé óveruleg. Í ábendingum sínum um tillögu að matsáætlun, benti Hvalfjarðarsveit á sýkingarhættu og smitleiðir vegna fugla sem dreifing á hæsnaskít gæti haft í för með sér og óskaði eftir því að nánari grein væri gerð fyrir þessum þáttum í frummatsskýrslu.“</i>	Ekki fundust heimildir varðandi sýkingarhættu og smitleiðir vegna fugla hér á landi. Á vef Matvælastofnunar kemur þó fram að bæði Salmonella og Kampýlóbakter finnast víða í náttúrunni, t.d. í meltingarfærum villtra fugla ⁵ . Ef upp kemur alvarleg sýking á búinu eru öllum úrgangi fargað á tryggilegan hátt að höfðu samráði við MAST og í samræmi við <i>Viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma</i> ⁶ .
3.5	<i>Hvað varðar dreifingu hæsnaskíts í landi Geldingaár, þarf að sækja um starfsleyfi fyrir henni til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.</i>	Samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri verður sótt um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna dreifingar á hæsnaskít.
3.6	<i>„Að lokum vill umhverfis-, skipulags- og náttúruverndarnefnd Hvalfjarðarsveitar ítreka áður fram komnar ábendingar um að fenginn verði óháður aðili til að meta hvort hætta sé á að vatnsbólín í nágrenni við dreifingasvæðið mengist.</i>	Framkvæmdaraðili setur sig ekki upp á móti því að vatnsból í Hvalfjarðarsveit séu vöktuð en telur að sú vöktun ætti ekki að einskorðast við dreifingu á Geldingaá. Vöktun vatnsbóla er í dag á forræði og ábyrgð sveitarfélagsins og er það skilningur framkvæmdaraðila að svo verði áfram.
3.7	<i>Einnig að ítarlegri grein sé gerð fyrir flutningum á þessu magni af skít, hvernig þeim verði háttað og mögulegum áhrifum á umferð og umferðaröryggi í Hvalfjarðarsveit.</i>	Vísað er til umsagnar í lið 3.2 þar sem fjallað er um flutning á gámum.
4	Landgræðslan	
4.1	<i>„Landgræðslunni barst til umsagnar umhverfismatsskýrsla um endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugetu eggjahúss Vallár á Kjalarnesi í Reykjavík. Landgræðslan hefur kynnt sér tillögurnar og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda,</i>	Framkvæmdaraðili þakkar umsögnina. Hún krefst ekki viðbragða.

⁵ <https://www.mast.is/is/neytendur>, matarsýkingar.

⁶ <https://www.mast.is/static/files/aaetlanir/vidbragdsaaetlun-dyrasjukdomar/vidbragdsaaetlun-vegna-alvarlegra-dyrasjukdoma-utg-22-juni-2021-.pdf>

	<p>endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Landgræðslan lýsir ánægju sinni með að aukin áhersla sé lögð á nýtingu hæsnaskíts til landgræðslu. Þessi áhersla fellur sérlega vel að markmiðum stofnunarinnar og vonandi getur samstarf um þessi mál aukist til framtíðar.</p> <p>Í umhverfismatsskýrslunni er Landgræðslan nefnd mjög oft og fjallað um samstarf til aukinnar nýtingar. Það verður að taka það fram að engar opinberar áætlanir né samningar liggja fyrir um samstarfið, en Landgræðslan lýsir yfir fullum vilja til þess. Þessu til stuðnings, má geta þess að 20. maí n.k. er ráðgert að fyrsti farmur skíts verði fluttur frá Vallá í Hítardal þar sem hann verður nýttur til uppgræðslu.</p> <p>Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við umhverfismatsskýrslu um endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugetu eggjahúss Vallár á Kjalarnesi í Reykjavík en er reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað“</p>	
5	Matvælastofnun Íslands	
5.1	<p>„Í bréfi dags. 29.3.2022, óskaði Skipulagsstofnun eftir því að Matvælastofnun gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, vegna endurnýjunar á búnaði í varphúsum og aukna framleiðslugetu eggjabús Vallár á Kjalarnesi.</p> <p>Matvælastofnun gerir tvær athugasemdir við kafla um Samantekt, bls. 5: Þar kemur fram að breytingar séu liður í því að uppfylla breytta ESB löggjöf. Rétt er að íslenskri löggjöf hefur verið breytt, með stoð í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.</p> <p>Í sama kafla er taflan „Samantekt á helstu umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum fyrir þessa þætti eru eftirfarandi:“ Í dálki 3 um sýkingarhættu er vísað í reglugerð nr. 135/2015. Hún var fellt úr gildi með gildistöku reglugerðar nr. 88/2022 um velferð alifugla. Á það einnig við um</p>	Framkvæmdaraðili þakkar ábendingarnar og mun hér eftir taka mið af þessum lögum og reglugerðum.

	<i>aðrar staðir í skýrslunni þar sem vísað er í rgl. nr. 135/2015, þar á að standa rgl. nr. 88/2022 í staðinn.“</i>	
5.2	<i>„Matvælastofnun tók sérstaklega til skoðunar kafla 4.3 um sýkingarhættu þar sem það er innan starfssviðs Matvælastofnunar. Það er mat Matvælastofnunar að að kaflinn um sýkingarhættu er ófullnægjandi og þar sem lagt er til grundvallar. Matvælastofnun telur að það þurfi að fara fram mat um sýkingarhættu af sérfróðum aðila.“</i>	Það er hagur framkvæmdaraðila að koma í veg fyrir sýkingar á búinu og er kröfum yfirvalda um aðbúnað og smitvarnir fylgt. MAST er leyfisveitandi fyrir eggjaframleiðslu og fer stofnunin með umfangsmikið eftirlit með framleiðslunni í samræmi við lög og skjalfestar verklagsreglur. Samkvæmt skoðunarhandbók fyrir alifugla skal eftirlitsaðili m.a. hafa eftirlit með smitvörnum á búinu ⁷ . Ef eitthvað er ábótavant hvað smitvarnir og sýkingarhættu varðar telur framkvæmdaraðili að þær ábendingar ættu að koma fram í eftirlitsskýrslu.
5.3	<i>„Um leyfi sem Matvælastofnun gefur út til Stjórnueggj: Frumframleiðsla eggja er leyfisskylt, með tilvísun í 9. grein laga nr. 93/1995 um matvæli.“</i>	Í gildi er starfsleyfi en vegna fjölgunar stæða er þörf á að breyta starfsleyfi.
5.4	<i>„Varðandi velferð og aðbúnað dýra, þá er breytt starfssemi úttektarskyld skv. 12. grein laga nr. 55/2013 um velferð dýra og skv. 3. grein í reglugerð nr. 88/2022 um velferð alifugla.“</i>	Framkvæmdaraðili mun óska eftir úttekt á nýjum búnaði eftir að uppsetningu hans er lokið.
6	Náttúrufræðistofnun	
6.1	<i>„Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umhverfismatsskýrsluna. Einungis einn umhverfisþáttur sem er til umfjöllunar varðar fagsvið Náttúrufræðistofnunar en það er áhrif á yfirborðs- og grunnvatn og þá með vísun í möguleg áhrif á lífríki í nágrenni eggjabúsins og áætlaðra dreifingarsvæða hæsnaskíts. Fráveita frá búinu mun aukast með aukinni framleiðslu. Fráveita berst í rotþró sem er tæmd og því ólíklegt að úrgangur frá henni berist í nánasta umhverfi eggjabúsins og hætta á mengun á grunnvatni og yfirborðsvatni því lítil. Mikilvægt er að vakta framkvæmd fráveittunnar og tryggja að lífræn mengun berist ekki t.d. í sjó í Hofsvík. Þar eru mikilvæg búsvæði fugla og fjörlífvera og</i>	Samkvæmt sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir búíð skal eftirlit haft með tæmingu rotþró, hreinsun og viðgerðum búnaðar. Einnig skulu öll atvik er varða mengun og mengunarvarnir skráð og höfð aðgengileg eftirlitsaðila. Gera má ráð fyrir að sambærileg skilyrði er varða fráveitu verði sett í nýju starfsleyfi sem tryggi að lífræn mengun berist ekki í umhverfið og valdi mengun.

⁷ <https://umsokn.mast.is/onequalityweb/Displaydocument.aspx?itemid=166367528261521124851>

	<i>er Hofsvík meðal svæða sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár.“</i>	
6.2	<p><i>„Stefnt er að því að hæsnaskítur frá búinu sé fluttur að Geldingaá í Leirársveit, eins og gert hefur verið hingað til, en einnig að dreifa honum í landi Hvítárvalla í Borgarfirði og er það nýr dreifingarstaður.</i></p> <p><i>Fram kemur að í landi Geldingaár verður skítum ekki dreift innan brunnsvæða vatnsverndar eða meðfram ám. Mikilvægt er að mati Náttúrufræðistofnunar að fyrirbyggja að skíturinn valdi lífrænni mengun í ám og lækjum. Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að sótt verði um starfsleyfi og að þar megi gera ráð fyrir takmörkunum varðandi svæði til dreifingar þar sem gerð verði krafa um að fullnægjandi fjarlægð sé haldið á milli svæða sem borið er á og svæða þar sem hætta er á afrennsli í vatn.</i></p> <p><i>Áætluð dreifingarsvæði eru staðsett nálægt viðkvæmum náttúruverndarsvæðum en Geldingaá rennur í Grunnafjörð sem er friðlýst svæði með ríkulegum leirum og miklu fuglalífi. Á Hvítárvöllum er eitt tún innan mikilvæga fuglasvæðisins í Andakíl sem er Ramsarsvæði og friðlýst að hluta m.a. vegna búsvæða blesgæsar á fartíma. Gæta þarf þess vel að lífræn mengun berist ekki í óásættanlegum mæli í vatnsfarvegi á þessum svæðum hvort sem er í náttúrulegar ár eða skurði á túnum. Eins og fram kemur eru Hvítárvellir nokkuð þekkt flóðasvæði.</i></p> <p><i>Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna.“</i></p>	Vísað er til svars við umsögn í lið 1.4.
7	Umhverfisstofnun	
7.1	<p><i>„Valkostir</i></p> <p><i>Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfismatinu er fyrirhuguð framkvæmd ekki borin saman við núllkost.</i></p> <p><i>Auk þess eru einu valkostirnir sem fjallað er um varðandi ráðstöfun hæsnaskíts, þ.e. annars vegar að nýta hann sem áburð og hins vegar að urða hann. Umhverfisstofnun telur þessa valkostagreiningu heldur rýra og að æskilegt hefði verið að fjalla um ólíka nýtingu hæsnaskítsins, m.a. með tilliti til dreifingarsvæða. Eins er í niðurstöðum umhverfismatsins aðeins gerð grein fyrir</i></p>	Fyrir nýtingu hæsnaskíts og dreifingu er miðað við raunhæfa valkosti. Ekki var talið raunhæft að dreifa öllum hæsnaskítum við Geldingaá vegna þess að magnið er of mikið. Því var leitað til fleiri aðila fyrir dreifinguna og var niðurstaðan sú að hluti skítsins yrði nýttur sem áburður á Hvítárvöllum og að Landgræðslan fengi hluta til dreifingar á sínum uppgræðslusvæðum. Til skoðunar er aukið samstarf við Landgræðsluna en stofnunin hefur lýst yfir vilja sínum til þess enda er um að ræða .

	<p><i>einum valkosti varðandi framkvæmdina en í henni felst næstum tvöföldun á stæðum fyrir varphæurnar og uppfærsla á varpbúnaði. Umhverfisstofnun telur að gera hefði mátt grein fyrir fleiri valkostum, t.a.m. uppfærslu á búnaði án framleiðsluaukningar, og vísar í umsögn sína um tillögu að matsáætlun þar sem bent var á þetta.</i></p>	<p>Markmið framkvæmdanna er fyrst og fremst að bæta aðbúnað dýranna. Með framkvæmdunum er hagkvæmni í rekstri einnig aukin, auk þess sem aukinni eftirspurn eftir þeim afurðum sem Stjórnuegg framleiða er mætt. Jafnframt má ítreka að þrátt fyrir að verið sé að fjölga stæðum á búinu úr 50.000 í 95.000 þá helst það ekki í hendur við fjölgun fugla. Milli eldishópa eru hús ýmist í þrifum eða hvíld. Að meðaltali verða því um 65.000-75.000 verpandi hænur á búinu hverju sinni og 10.000-20.000 yngri fuglar sem hafa ekki enn hafið varp.</p>
7.2	<p><i>„Skipulag Í umhverfismatskýrslu kemur fram að skv. núverandi deiliskipulagi er heimilt að halda allt að 50.000 fugla að Vallá. Samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum hefur verið unnið að breytingu á deiliskipulagi, þar sem leyfilegum fjölda stæða fyrir fugla er breytt úr 50.000 í allt að 95.000 stæði. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Stofnunin getur því aðeins gefið út starfsleyfi fyrir starfsemi sem samræmist skipulagi. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í umhverfismatskýrslu er vísað í aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 en nýtt aðalskipulag hefur tekið gildi sem gildir til ársins 2040.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdina. Nýtt deiliskipulag verður unnið í samræmi við gildandi aðalskipulag.</p>
7.3	<p><i>„Hæsnaskítur Í umhverfismatskýrslu segir að Umhverfisstofnun hafi ákveðið að líta svo á að gámarnir á lóð rekstraraðila sem nýttir hafa verið undir skít séu hauggeymslur. Líkt og bent var á í umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun áréttar stofnunin að hún hefur ekki gefið út að fyrirkomulag hauggeymsla á búinu sé fullnægjandi en hauggeymslur skulu vera lokaðar, vandaðar og þéttar til að koma í veg fyrir jarðvegs-, vatns- og lyktarmengun.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili telur að núverandi útfærsla á haughúsum, þ.e. að færa skít beint í gám sem síðan sé nýttur til flutninga, sé sú útfærsla sem sé þrifalegst og dragi úr hættu á mengun.</p>
7.4	<p><i>„Fram kemur að hæsnaskíturinn verði þurrari samanborið við núverandi fyrirkomulag. Rekstraraðili hefur ekki athugað köfnunarefnis-, fosfór- né þurrefnainnihald í skít, né sett fram gögn þar sem það er áætlað fyrir þurra</i></p>	<p>Þau 250 kg N/ha sem gert er ráð fyrir að dreift sé í einu eru talin ásættanleg vegna þess að næringarefni í lífrænum áburði eru torleystari en í tilbúnum áburði. Sé miðað við 170 kg N/ha/ári</p>

<p>skítinn, heldur miðar við forsendur reiknivélar Landgræðslunnar og Eflu⁸. Þar er gert ráð fyrir að köfnunarefnisinnihald hæsnaskíts sé 2,8%, kjúklingaskíts 3,6% en tilbúins áburðar 25%. Ekki er þó fjallað um þurrefnainnihald skíts í forsendum reiknivélarinnar og Umhverfisstofnun bendir á að ef skíturinn sem muni falla til sé þurrari en Landgræðslan gerir ráð fyrir geti köfnunarefnisstyrkur verið meiri vegna þess. Fram kemur að hægt verði að bera 10 tonn af skít á hektara í einu, þar sem gert er ráð fyrir dreifingu 250 kg N/ha, sem samsvari dreifingu tilbúins áburðar yfir nokkur ár. Umhverfisstofnun bendir á að sbr. reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri er hámark dreifingar 170 kg N/ha/ári, en einnig er kveðið á um þau mörk í núgildandi starfsleyfi rekstraraðila. Miðað við forsendur reiknivélarinnar m.t.t. styrks köfnunarefnis í hæsnaskít er því ekki leyfilegt að setja meira en 6159 kg af skít á hvern hektara á ári miðað við hámarkið 170 kg N/ha/ári.</p> <p>Fram kemur í umhverfismatskýrslunni að umhverfislegur ávinningur þess að nýta hæsnaskít sem fellur til á búi Stjörnueggja sem áburð er mikill, sér í lagi ef tekið er tillit til þess að annars þyrfti að urða hann með tilheyrandi losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun tekur undir það en leggur áherslu á að taka þarf tillit til dreifingarsvæðanna og því hámarks magni sem dreifa má, sbr. umfjöllun hér að ofan og neðan. Stofnunin bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um dreifingaráætlun.“</p>	<p>þarf um 225 ha landsvæði á ári til dreifingar á þeim 1.387.000 kg/ári af hæsnaskít sem mun falla til á Vallá. Dreifingarsvæðið við Geldingaá er um 256 ha og að Hvítárvöllum eru um 86 ha af grónum túnum þar sem fyrirhugað er að dreifa, sjá nánar í töflu 2.2 í umhverfismatskýrslu. Auk þess hefur óformlegt samkomuleg verið gert við Landgræðsluna um móttöku á hæsnaskít frá Vallá til dreifingar í uppgræðslusvæðum (sjá umsögn Landgræðslunnar í lið 4). Landsvæði til dreifingar ætti því að vera nægjanlegt, m.t.t. styrks köfnunarefnis. Leitað verður ráðgjafar Landgræðslunnar við gerð dreifingaráætlun til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu lands.</p>
<p>7.5 „Lykt Í kafla 4.1.4 segir að það megi jafnvel vænta þess að minni lykt berist frá endurnýjuðu búi þrátt fyrir fjölgun varpfugla. Í kafla 4.1.6 er hins vegar fullyrt að þar sem skíturinn sé þurrari verði lyktarmengun minni.</p> <p>Fram kemur að algengustu vindáttirnar séu austsuðaustan og suðaustan en norðaustan og austnorðaustan áttir séu einnig tíðar. Einnig er vísað í starfsreglur um góða búskaparhætti en þar segir að gripahúsum og haughúsum ætti að velja stað með tilliti til ríkjandi vindátta þannig að sem sjaldnast blási í átt að íbúðabyggð. Umhverfisstofnun bendir á að í austsuðaustan og suðaustan</p>	<p>Framkvæmdaraðili mun fara að þeim ákvæðum sem starfsleyfi kveður á um. Losun ammoníaks er færð í útstreymisbókhald búsin. Jafnframt er bent á, að fyrirhugaður búnaður uppfyllir BAT-kröfur (sjá einnig umsögn HER í lið 1.1).</p> <p>Með endurnýjuðum búnaði verður hæsnaskíturinn sem fellur til mun þurrari samanborið við skít frá eldri búnaði, en því þurrari sem skíturinn er því minna ammoníak myndast og losnar. Þess vegna má búast við því að líkur á lyktarmengun minnki við endurnýjun búnaðar. Auk þess er hæsnaskítur fjarlægður</p>

⁸ [Reiknivél um áburð](#)

	<p>áttum blæs í átt að íbúðabyggð á Kjalarnesi og skóla og leikskóla. Gerð verður krafa í starfsleyfi um hámarkslosun ammoníaks frá húsum, byggt á BAT-niðurstöðum.“</p>	<p>reglulega úr húsunum (tvisvar í viku) sem minnkar lyktarmengun. Þetta er í samræmi við bestu fánlegu tækni varðandi losun lyktar.</p>
<p>7.6</p>	<p>„Förgun fugla Förgun fugla og úrgangur sem verður til ef upp kemur sýking á búinu fellur undir verksvið Umhverfisstofnunar. Smitvarnir og sýking fugla fellur hins vegar undir verksvið Matvælastofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um að rekstraraðili sé með áætlun um förgun fugla og hvað skuli gert við sýktan skít ef upp kemur sýking.“</p>	<p>Í viðauka E við umhverfismatsskýrslu er viðbragðsáætlun framkvæmdaraðila vegna fuglaflensu. Þar er gert ráð fyrir að förgun á fuglum fari fram með gösun ef aðstæður er þannig. Ef upp koma aðrar alvarlegar sýkingar á búinu má gera ráð fyrir að sömu aðgerðir verði viðhafðar. Fuglar eru svo færðir í aflífunargám og fluttir til förgunarstöðvar með gilt starfsleyfi.</p>
<p>7.7</p>	<p>Grunnvatn og yfirborðsvatn Umhverfisstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og að rekstraraðila beri að sjá til þess að vatnsgæðum nærliggjandi vatnshlota hraki ekki vegna starfseminnar. Meðhöndlun áburðar má ekki valda því að breyting verði á lífríki eða vistfræðilegt ástand vatnshlotanna rýrni samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Í kafla 4.2.3 í greinargerð kemur fram að ætlunin sé að dreifa hæsnaskít við Geldingaá. Dreifingarsvæðið nær a.m.k. yfir vatnsból við Bugalæk auk þess að vera á jaðrinum við annað brunnsvæði. Auk þess kemur fram í texta að fleiri brunnsvæði séu sunnan við svæðið skv. aðalskipulagi. Allt dreifingarsvæðið við Geldingaá er innan skilgreinds grannsvæðis. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns eru settar fram skilgreiningar á vatnsverndarsvæðum og þeim kröfum sem um þau eru sett. Umhverfisstofnun bendir á eftirfarandi: <u>Brunnsvæði – skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.</u> Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli. <u>Grannsvæði – á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt,</u></p>	<p>Vísað er til svars við athugasemd í lið 1.4.</p>

eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Eins og hér kemur fram er bannað að dreifa áburði á og við brunnsvæði, þar af leiðandi þarf að færa dreifingasvæði frá þeim svæðum. Auk þess kemur fram að áburðarnotkun á grannsvæðum skal vera undir ströngu eftirliti. Vatnsbólin eru undir eftirliti viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Í starfsreglum um góða búskaparhætti⁹ kemur enn fremur fram að: Ekki skal dreifa búfjáráburði nær vatnsbólum, lindum, brunnum eða borholum en 50 m. Ef aðstæður eru á einhvern hátt óhagstæðar getur verið þörf fyrir meiri fjarlægð frá þessum stöðum.

Tekið skal tillit til eftirfarandi atriða þegar búfjáráburði er dreift á tún eða beitiland, skv. starfsreglum um góða búskaparhætti:

- Dreifa á búfjáráburði á vaxtartíma plantnanna þegar þær þurfa mest á áburði að halda, þ.e.a.s. á vorin og snemmsumars. Dreifing að hausti áður en jörð frýs kemur einnig til greina.
- Varast ber að dreifa búfjáráburði á gegnblauta jörð vegna hættu á útskolun og alls ekki ef yfirborðsvatn, lindir eða borholur eru í nánd.
- Forðast ber að dreifa búfjáráburði á frosna jörð vegna hættu á útskolun. Þetta á einkum við um hallandi land.
- Ekki skal dreifa á þekkt flóðasvæði.
- Ekki skal dreifa á svæði nálægt yfirborðsvatni, lind eða borholu þar sem yfirborðið er mjög þétt í sér (þjappað).
- Forðast ber að dreifa á svæði ef yfirborðsvatn, lindir eða borholur eru í nánd og halli er mikill og/eða jarðvegur er vatnsmettaður.
- Ekki skal dreifa búfjáráburði nær vatnsbólum, lindum, brunnum eða borholum en 50 m. Ef aðstæður eru á einhvern hátt óhagstæðar verið þörf fyrir meiri fjarlægð frá þessum stöðum.

⁹ <https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/buskarparhaettir.pdf>

	<ul style="list-style-type: none"> • Forðast ber að dreifa á svæði þar sem jarðvegsdýpt nær ekki 30 sentimetrum og sprungur eru í berggrunninum. • Forðast ber að dreifa á svæði sem hafa verið kíllplægð fyrir skemmri tíma en ári eða ef jarðvegurinn hefur sigið niður í förin eftir eldri kíllplægingu. • Vegna smithættu er óheppilegt að nota búfjáraburð á fljótvaðnar matjurtir sem fara strax í sölu, t.d. blaðsalat. • Vegna smithættu er ekki ráðlagt að beita búfé á land sem nýbúið er að bera á. 	
7.8	<p>„Náttúruverndarsvæði</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að Geldingaá rennur á endanum í Grunnafjörð sem er friðlýstur og á lista yfir vernduð og viðkvæm svæði skv. 25. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að mögulega verður gerð krafa í starfsleyfi um að rekstraraðili vakti Geldingaá með tilliti til áburðargjafar á því svæði.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir auk þess á að tún sem fyrirhugað er að dreift verði á á Hvítárvöllum er innan skilgreinds friðlýsts svæðis við Andakíl. Í umhverfismatskýrslu segir að svæði sem nær yfir austanverðan ós Hvítár og ósa Andakílsár sé alþjóðlega mikilvægt fyrir blesgæsir á fartíma og álfir í fjaðrafelli og helst til eitt af sex Ramsarsvæðum á Íslandi auk þess að vera skráð sem mikilvægt fuglasvæði. Svæðið nær yfir eitt af þeim túnum þar sem fyrirhugað er að hæsnaskít verði dreift.¹⁰ Umhverfisstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess búsvæði fugla við Andakíl skerðist ekki og að verndargildi svæðisins rýrni ekki.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili mun fara að þeim ákvæðum sem starfsleyfi kveður á um. Leitað verður ráðgjafar Landgræðslunnar vegna dreifingar hænsnaskíts til þess að tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Í umsögn Landgræðslunnar lýsir stofnunin yfir ánægju sinni með að aukin áhersla sé lögð á nýtingu hæsnaskíts til landgræðslu, þar sem sú áhersla falli sérlega vel að markmiðum stofnunarinnar (sjá lið 4.1).</p> <p>Að Hvítárvöllum er gert ráð fyrir dreifingu hæsnaskíts á vel gróin tún og upptaka næringarefna ætti því að vera mikil. Til að forðast neikvæð áhrif af völdun áburðardreifingar, s.s. ofauðgun vatns, verður ekki dreift nærri yfirborðsvatni en sem nemur fullnægjandi fjarlægð og auk þess tekið tillit til aðstæðna hverju sinni.</p>
7.9	<p>Niðurlag</p> <p>Athugasemdir Umhverfisstofnunar við ofangreinda umhverfismatskýrslu eru hér dregnar saman í nokkra punkta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Valkostagreining umhverfismatsins er rýr og framkvæmdin er ekki borin saman við núllkost. 	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdirnar og vísar til fyrri svara við umsögn Umhverfisstofnunar.</p>

¹⁰ https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Auglysingar/B_nr_338_2011_kort_andakill.pdf

	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Breyta þarf deiliskipulagi áður en starfsleyfi er gefið út. Vísað er í eldra aðalskipulag Reykjavíkur.</i> • <i>Miðað við reiknivél Landgræðslunnar má dreifa að hámarki 6159 kg af skít á hvern hektara á ári miðað við hámarkið 170 kg N/ha/ári.</i> • <i>Í starfsleyfi verður gerð krafa um hámarkslosun ammoníaks, byggt á BATniðurstöðum.</i> • <i>Í starfsleyfi verður gerð krafa um að rekstraraðili sé með áætlun um förgun fugla og meðhöndlun sýkts skíts ef upp kemur sýking á búinu.</i> • <i>Óheimilt er að dreifa áburði á og við brunnsvæði. Áburðarnotkun á grannsvæðum skal vera undir ströngu eftirliti.</i> • <i>Taka þarf tillit til ýmissa atriða þegar búfjáraður er dreift á tún og beitiland skv. starfsreglum um góða búskaparhætti (sjá að ofan).</i> • <i>Mikilvægt er að friðlýst svæði við Grunnafjörð og Andakíl skerðist ekki vegna starfseminnar.</i> 	
8	Reykjavíkurborg	
8.1	<p>„Skipulagsleg staða</p> <p><i>Í gildi er deiliskipulag fyrir Vallá dags. samþ. 28. nóvember 2014 m.s.br. Um er að ræða landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi og nær skipulagið yfir allt lögbýli Vallár á Kjalarnesi sem er um 36 ha svæði. Skilgreindir eru byggingareitir, hæðir húsa, heimilt byggingarmagn, nýtingarhlutfall o.fl. Ástæða nýbygginga var m.a. til að uppfylla nýjar kröfur löggjafar ESB varðandi aðbúnað varpfugla sem hafa kallað á bættan aðbúnað og hefur því verið ráðist í verulega breytingar á núverandi húsakosti með tilheyrandi framkvæmdum. Kemur fram í deiliskipulaginu að áfram er gert ráð fyrir að bústofn og framleiðsla fyrirtækisins verði sambærileg því sem verið hefur á umliðnum árum, en stofnuninn hefur talið um 50 þ. fugla að meðaltali. Kemur fram í skilmálum eftirfarandi:</i></p> <p><i>Um er að ræða landbúnaðarsvæði þar sem ekki stendur til að auka framleiðslu á jörðinni, né munu nýjar byggingar leiða til aukinna umhverfisáhrifa þar sem ekki er fyrirhugað að stækka núverandi starfsemi.</i></p>	<p>Í nýju deiliskipulagi verður skilgreint sérstakt gámasvæði. Vatnsbóli við Vallá er ekki talin stafa hætta af dreifingunni þar sem það er staðsett ofanstraums við bæinn.</p> <p>Ástæða framleiðsluaukningarinnar er fyrst og fremst að bæta aðbúnað dýranna en einnig að auka hagkvæmni í rekstri og að mæta aukinni eftirspurn eftir þeim afurðum sem Stjórnuegg framleiða. Jafnframt má ítreka að þrátt fyrir að verið sé að fjölga stæðum á búinu úr 50.000 í 95.000 þá helst það ekki í hendur við fjölgun fugla. Milli eldishópa eru hús ýmist í þrifum eða hvíld. Að meðaltali verða því um 65.000-75.000 verpandi hænur á búinu hverju sinni og 10.000-20.000 yngri fuglar sem hafa ekki enn hafið varp.</p> <p>Ekki er gert ráð fyrir dreifingu á húsdýraáburði á landi Vallár. Hænsnaskítur verður áfram notaður sem áburður á land að Geldingaá, auk þess sem samið hefur verið við bónda að Hvítárvöllum um móttöku á hænsnaskít til dreifingar á tún. Þá</p>

<p><i>Skipulagsfulltrúi skilaði umsögn dags. 26. ágúst 2020 varðandi tillögu að matsáætlun fyrir Vallá, sambærilegt erindi og nú en umsagnarbeiðni þá kom frá Umhverfisstofnun. Skipulagsfulltrúi óskaði umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og þar kom fram að um er að ræða mjög umfangsmikla aukningu og því þarf að huga vel að umhverfisáhrifum fyrir nærliggjandi íbúðarhverfi, sérstaklega loftmengun. Núgildandi deiliskipulag gerir ekki ráð fyrir þessum fjölda alifuglastæða og því þörf á skipulagsbreytingu. Fram kemur í gögnum að fyrirhugað sé að flytja húsdýraáburð frá húsunum til dreifingar að Geldingaá í Leirársveit. HER vill benda á að ef gert er ráð fyrir aukinni dreifingu á húsdýraáburði á landi Vallár þarf að gera grein fyrir lyktaráhrifum í Grundarhverfi. Eins þarf að gæta þess að dreifing á húsdýraáburði ógni ekki öryggi vatnsbólsins við Vallá. Þar sem húsdýraáburður er ekki geymdur í hauggeymslu heldur í gámum þarf að mati HER að skilgreina sérstakt gámasvæði í skipulagi þar sem slíkum geymslugámum verður komið fyrir. HER gerir ekki frekari athugasemdir en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.</i></p>	<p>mun Landgræðslan taka við hluta af skítum og nýta í sínum verkefnum til uppgræðslu og vonast stofnunin til þess að samstarf um þessi mál aukist til framtíðar (sjá umsögn í lið 4.1).</p>
<p>8.2 „Landbúnaðarstefna fyrir Kjalarnes <i>Fyrir nokkrum árum var stofnaður starfshópur allra flokka í borgarstjórn, auk sérfræðinga innan Umhverfis- og skipulagssviðis, um að útæfra landbúnaðarstefnu fyrir Kjalarnesið þar sem markmið og tilgangur hópsins væri að að móta frekari stefnu um landbúnað og landnýtingu á Kjalarnesi á grundvelli stefnu gildandi aðalskipulags um landbúnaðarsvæði og almennrar stefnu um þróun Kjalarnes. Matvælaframleiðsla á svæðinu er í auknum mæli bundin við þauleldi, þar sem gæði viðkomandi landbúnaðarlands nýtast takmarkað. Starfsleyfisskyld svína- og kjúklingabú eru á Móum, Vallá, Melavöllum, Brautarholti, Saltvík og Sætúni, og sláturhús í Saltvík. Breyttar áherslur í landbúnaði, með auknu vægi lífrænnar ræktunar og beinni tengslum framleiðenda og neytenda, getur skapað ný tækifæri í matvælaframleiðslu á Kjalarnesi. Þar nýtur Kjalarnesið nálægðar við stærsta þéttbýlissvæði landsins, þar sem eftirspurn eftir lífrænt vottuðum afurðum beint frá býli eykst sífellt.“ Markmiðið er að setja skýrari ákvæði um ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum og ákveðnari reglur um þá matvælaframleiðslu sem er</i></p>	<p>Skipulagi að Vallá verður háttað í samræmi við þá landbúnaðarstefnu sem er í gildi hverju sinni.</p>

starfsleyfisskyld. Leiðarljósið er að efla landbúnað sem nýtir gæði landsins til ræktunar og matvælaframleiðslu.

Útbúin hafa verið drög að skýrslu starfshópsins og kynnt m.a. í Skipulagsráði en ekki hefur verið fullkláruð niðurstaða hópsins. Viðfangsefni starfshópsins og verkefnið fólust í því að rýna og eftir atvikum endurmeta stefnu aðalskipulagsins um landbúnað og landnýtingu á Kjalarnesi. Einnig hefur þurft að rýna núverandi laga- og reglugerðarumhverfi um landbúnað, m.a. um starfsleyfisskyldan landbúnað og þauleldi.

Tillögur starfshópsins láu fyrir í drögum og m.a. varðandi þauleldisbúaskap sbr. og er stundaður á Vallá. Þar voru ræddar útfærslur m.a. að setja mögulega ákveðnar takmarkanir á þauleldi og skilgreina nánar landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi eftir því hvernig gæði landsins eru nýtt til búrekstrar. Setja ætti mögulega skorður við því mikla landi sem fer undir þauleldi enda hefur það að einhverju leyti óbein áhrif á nærliggjandi svæði. Mögulegar aðgerðir væri m.a. ekki yrði heimilt að stofna til þauleldisbúskapar á öðrum jörðum eða lögbýlum en þeim sem þegar hafa útgefið starfsleyfi í dag, og að skilgreina mögulega slík svæði sem iðnaðarsvæði (sem myndi kalla á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur), ef umfang framleiðslu eru komin yfir ákveðin mörk. Með mögulegri AR breytingu þá yrði gerður greinarmunur á landbúnaðarsvæðum eftir eðli búrekstrar og hvernig staðbundin gæði lands eru nýtt. Landbúnaðarsvæðum verði skipt í tvo meginflokka, þ.e. hefðbundinn landbúnað og þauleldi.

L1. Hefðbundinn landbúnaður. Þar sem ábúandi heldur búfé og ræktar land og matvæla- eða fóðurframleiðsla byggir á staðbundnum landgæðum, með sjálfbæra landnýtingu að leiðarljósi. Almennar heimildir um mannvirkjagerð og uppbyggingu á landbúnaðarsvæðum gilda á þessu svæði.

L2. Þauleldi. Svæði innan bújarða sem nýtt er til umfangsmikils búfjárhalds og matvælaframleiðslu sem ekki byggir á staðundinni ræktun lands og öðrum landgæðum. Búskapur sem fellur undir skilgreiningu þauleldis er einvörðungu heimill á landbúnaðarsvæðum. Við afmörkun L2 yrði mögulega miðað við núverandi umfang þauleldis, samþykktu stækkun í deiliskipulagi og eðlilegt svigrúm til þróunar. Almenn verði þó miðað við að afmarka L2 þröngt og

	<p>tryggja að þauleldisbúum fjölgi ekki og/eða verði eingöngu bundin við núverandi svæði.</p> <p>Ákveðið hefur verið að nýta ofangreind drög fyrir Landbúnaðarstefnuna inn í endurskoðun á aðalskipulagi á Kjalarnesinu og opnu svæðum/ útmörkin utan vaxtarmarka. Aðalskipulag borgarinnar er aldrei endanlegt og mikilvægt að endurskoða það eftir því sem forsendur breytast og þörf er á vegna breyttra ytri aðstæðna. Fyrr á árinu var staðfest endurskoðun á aðalskipulaginu (AR2040) en megin viðfangsefni endurskoðunar snéri að íbúðarbyggð og blandaðri byggð innan skilgreindra vaxtarmarka borgarinnar, sbr. einnig svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040. Varðandi fyrirnefnda endurskoðun á Kjalarnesinu þá er stefnt að því að kynna verklýsingu á þessu ári og verður það auglýst sérstaklega.“</p>	
8.3	<p>„Niðurstaða</p> <p>Í umhverfismatskýrslunni kemur fram að fyrirhugað er aukning á framleiðslu á Vallá, úr 50.000 í 95.000 fugla. Í deiliskipulagi fyrir Vallá þá er gert ráð fyrir að bústofn og framleiðsa sé um 50 þ. fuglar að meðaltali og tekið skýrt fram í skilmálum skipulagsins að á umræddu landbúnaðarsvæði standi ekki til að auka framleiðslu á jörðinni. Nokkuð ljóst er þar af leiðandi að umrædd aukning á framleiðslu er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Sækja þarf því um deiliskipulagsbreytingu verði haldið áfram með þær fyrirátlanir að auka framleiðslu á jörðinni. Samtal þarf að eiga við Umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlitið um útfærslurnar. Í framhaldi af því þyrfti síðan að ákveða hvort heimila ætti að auglýsa slíkar tillögur, slíkt er ekki ákveðið núna.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 7.2.
8.4	<p>„Niðurstaða umhverfismatsins er að áhrif séu óveruleg fyrir umhverfisþættina; lyktarmengun, yfirborðsvatn og grunnvatn og sýkingarhættu. Ekki eru gerðar athugasemdir við niðurstöður matsins en bent á að gera þurfi ráð fyrir vöktun á lyktarmengun og eins hefur ekki verið fjallað um mögulega rykmengun sem sömuleiðis væri æskilegt að vakta.“</p>	<p>Gera má ráð fyrir að í starfsleyfi eggjabúsins verði sett viðeigandi ákvæði er varða lykt. Nánar er fjallað um lykt frá búinu í svari við athugasemd í lið 7.5.</p> <p>Varðandi rykmengun þá er bestu fánlegu tækni fylgt til að lágmarka rykmyndun á búinu¹¹. Hænum er gefið kögglað fóður,</p>

¹¹ <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32017D0302.pdf>

		hefilsþæmir eru notaðar á gólf, fóðursíló eru búin rykskiljur og loftræstikerfi er tölvustýrt með hægu loftstreymi.
8.5	<p>„Hafa þarf í huga fyrrnefnd drög að landbúnaðarstefna fyrir Kjalarnesið sem hafa verið unnin og búið að vísa inn í endurskoðun varðandi ákvæði aðalskipulagsins á Kjalarnesi og opnum svæðum utan vaxtarmarka, og ákvarðanir sem á eftir að taka hvort farið verði í frekari skilgreiningar og breytingar á aðalskipulagi. Mikilvægt er því að ræða í því samhengi óskir sem þessar um framleiðsluaukningu þegar mögulegar skipulagsbreytingar koma til meðferðar, umræðu og útfærslu. Hins vegar má álykta að ef heimila ætti aukningu á framleiðslu á Kjalarnesi þá ætti slíkt að vera á jörðum þar sem þauleldi er stundað í dag. Það gæti þó kallað á að breyta þyrfti aðalskipulagi og skilgreina svæðið á annan hátt er gert er í dag.“</p>	Vísað er til svars við athugasemd í lið 7.2.
9	Íbúasamtök Kjalarness	
9.1	<p>„Árið 2014 ætlaði fyrirtæki í eggjaframleiðslu að setja upp hænsnabú í gömlum svínahúsum að Hamri í Reykjavík, í Úlfarsárdal 113 Reykjavík (sjá meðf. gögn). Fjöldi fugla var 9.500 fuglar í 700 fm byggingu. Ráðuneytið, eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, hafnaði að gefa undanþágu frá fjarlægðarmörkum, sem voru þá við lýði. Rökin voru að útblástur frá hænsnabúum gæti verið hættulegur heilsu manna ef hann er viðvarandi. Útblæstrinum geti einnig fylgt möguleg smithætta.</p> <p>Það liggja fyrir háskólarannsóknir frá Hollandi (Utrecht) og Bandaríkjum (Duke University) að útblástur frá svona verksmiðjubúum getur verið hættulegur heilsu manna en rannsóknirnar eru byggðar á tölfræði og er fylgni afgerandi milli heilsu fólks og nálægðar við þessi bú. (sjá meðf. gögn)</p> <p>Í myndbandi sem hægt er að nálgast á youtube.com sem heitir “Neighbour to a pig factory” eru upplýsingar varðandi svona verksmiðjubú í Danmörku. Kemur einnig fram í myndbandinu að Hollendingar eru að veita bændum styrki til að loka verksmiðjubúum sem eru næst nágrönnum.</p> <p>https://www.youtube.com/watch?v=IDFiQauqVr4</p> <p>Fallið hafa þungir dómur hérlendis (Hæstarréttardómur 523/2011) og erlendis þar sem greiddar hafa verið háar skaðabætur vegna mengunar frá svona</p>	<p>Vallá er innan skilgreinds landbúnaðarsvæðis og er sú starfsemi sem Stjórnuegg stunda ein tegund landbúnaðar. Samkvæmt reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína skal fjarlægð milli eldishúsa með fleiri en 60.000 hænur og mannbústaða, útivistarsvæða, vinnustaða eða svæða sem afmörkuð hafa verið fyrir framangreinda notkun í aðalskipulagi, aldrei vera minni en 100 m. Þessum fjarlægðarmörkum er fylgt.</p> <p>Ammoníak er ein helsta uppspretta lyktarmengunar frá hænsnaskít. Með endurnýjuðum búnaði verður hænsnaskíturinn sem fellur til mun þurrari samanborið við skít frá eldri búnaði, en því þurrari sem skíturinn er því minna ammoníak myndast og losnar. Eftir endurnýjun búnaðar má því jafnvel búast við því að lyktarmengun minnki. Auk þess er hænsnaskítur fjarlægður reglulega úr húsunum (tvisvar í viku) sem minnkar lyktarmengun. Þetta er í samræmi við bestu fánlegu tækni varðandi losun lyktar.</p>

	<p><i>verksmiðjubúum. Í dómi Hæstarréttar kemur fram að ekki megi blanda saman hefðbundnum landbúnaði og þessum verksmiðjubúskap. Í Hollandi eru veittir styrkir til að loka stórum þauleldisbúum sem eru næst byggð vegna skaðsemi mengunar.</i></p> <p><i>Á Kjalarnesi eru um 35.000 fermetrar af þauleldisbúum (svín, kjúklingar og hænsn) og liggja fyrir hugmyndir um verulegar stækkanir á næstu árum. Vallá er innan 500 metra frá skóla og leikskóla.</i></p> <p><i>Það ætti að vera forgangur að verja heilsu fólks og heimili og þau eiga að njóta alls vafa. Það hefur ekki verið gert á Kjalarnesi enda gríðarleg uppbygging verksmiðjubúa á síðustu árum.</i></p> <p><i>Er þessi mengun bara hættuleg öðrum en íbúum á Kjalarnesi?</i></p> <p><i>Íbúasamtök Kjalarness óska eftir gögnum sem sýna með afgerandi hætti að útblástur frá þessum verksmiðjubúum sé ekki hættulegur heilsu manna. Kraftur er að settur verði upp öflugur hreinsibúnaður á öll verksmiðjubú á Kjalarnesi og frekari stækkanir verði stöðvaðar a.m.k. á meðan það er óvissa með þessi mál.</i></p>	<p>Varðandi rykmyndun er vísað til svars við athugasemd í lið 1.3 en þar er fjallað um þær aðgerðir sem eru viðhafðar til að draga úr rykmyndun í eldishúsunum.</p>
<p>10</p>	<p>Vilhjálmur Ólafsson</p>	
<p>10.1</p>	<p><i>„Undirritaður skrifar þetta erindi til Skipulagsstofnunar vegna bréfs sem honum barst, dagsett 19. maí 2021, þar sem farið er yfir athugasemdir vegna tillögu að matsáætlun vegna aukinnar framleiðslugetu eggjabús Vallár. Skjalið ber númerið 201712048. Einnig er brugðist við Umhverfismatsskýrslu dagsetta 24.3.2022.</i></p> <p><i>Undirritaður gerir sér fulla grein fyrir því að umsagnir hans eiga ekki að snúa að skjali 201712048. Hinsvegar koma fram í umsögn Skipulagsstofnunar, tilvísanir í framkvæmdaraðila sem undirritaður getur ekki látið hjá líða að vekja athygli Skipulagsstofnunar á þannig að hægt sé að taka tillit til þess í framhaldi ferlisins og tilliti til Umhverfisskýrslu í heild.</i></p> <p><i>Það er mikilvægt að vekja athygli á breyttum upplýsingum frá framkvæmdaaðila. Í sjöttu málsgrein kaflans Meðferð hæsnaskíts (skjal: 201712048) kemur eftirfarandi fram: „Við vinnslu að tillögu að matsáætlun hafi verið reiknað með að daglegt magn skíts frá hverjum fugli væri 100 g. Það er hins vegar ofmat því daglegt magn skíts er um 50 g/fugl.</i></p>	<p>Þau upphaflegu 100 g af hæsnaskít sem miðað var við í drögum að tillögu að matsáætlun tóku miða af eldri varpbúnað, þ.e. eldi í búrum. Á þeim tíma sem drögin voru gefin út lágu ekki fyrir upplýsingar um áætlað magn hæsnaskíts per fugl miðað við Aviary Pro varpbúnað sem ráðgert er að setja upp. Árið 2013 og 2015 voru reist tvö ný eggjahús á Vallá sem eru útbúin svokölluðum Aviary varpbúnaði og hefur reynslan sýnt að miðað við þann varpbúnað falla um 40 g/dag af hæsnaskít frá hverjum fugli. Nánar er gerð grein fyrir þyng hæsnaskíts í svari við athugasemd í lið 2.4.</p>

Þessi setning er afar undarleg. Í fyrsta lagi kemur þessi staðhæfing framkvæmdaaðila, að 100 g komi frá hverjum fugli, ekki fyrst fram í tillögu að matsáætlun (dagsett: 29.05.2020) heldur í upprunanlegum drögum að tillögu að matsáætlun (dagsett: 30.11.2017). Þetta meinta ofmat á skít hæsnanna hefur því legið fyrir í tvö og hálf ár án þess að framkvæmdaaðili hafi leiðrétt það. Skv. útgáfusögu tillögu að matsáætlun hafa 5 einstaklingar farið yfir þessar staðhæfingar hjá Eflu sem og það væri eðlilegt ef framkvæmdaaðili hafi gert það líka svo hér er um mikla yfirsjón að ræða af hendi skýrsluhöfunda og framkvæmdaaðila. Magn hæsnaskíts með þessum nýju fullyrðingum fer úr 3500 tonnum í um 1750 tonn. Í Umhverfismatinu sjálfu er svo talað um 40 grömm hæsnaskíts á hænu (lækkun um 20% frá seinustu fullyrðingu og árlegt magn því 1387 tonn). Aldrei er vísað í neina heimild fyrir breytingunni eða þá upprunanlegu tölunni, 3500 tonnum. Það er þó ekki svo að ég telji að um ofmat sé að ræða heldur að hér sé gríðarlegt vanmat á ferðinni sem ég útlista hér betur:

1. Stenst ekki íslensk viðmið: Í kafla 3.1.1. í tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila er vitnað í starfsreglur um góða búskaparhætti frá ágúst 2002. Tilvitnunin er til þess að benda á magn köfnunarefnis er innan leyfilegra marka útfrá 3500 tonnum af hæsnaskít á 300 hektara lands. Mér þykir tilvitnanir góðar, þær styðja almennt mál hvers og eins svo ég ætla að vitna í sömu heimild, sömu blaðsíðu og framkvæmdaaðili vitnar í til þess að benda á að 100 hænur skíta 6 tonnum á ári (sjá kafla 6.1¹²). 95.000 hænur myndu útfrá heimild sem framkvæmdaaðili notar skíta 5700 tonnum á ári (95.000/100 x 6).

2. Magns skíts og magn fódurs helst hönd í hönd: Hæsnaskítur er tæplega tvöfalt það magn sem hæna fær að éta enda er hann að mestu vatn (Wade W. McCall, Hawaii Háskóli¹³). Hér skal það þó tekið fram að um erlenda heimild er að ræða en niðurstöður hennar, hvað magn varðar, á hæsn samsvarast þó starfsreglum um góða búskaparhætti. Skv. Grænu bókhaldi Stjórnueggja¹⁴ er fódurnotkun 3.544 tonn árið 2019. Það er því spurning hvernig

¹² Vefslóð: <https://ust.is/library/Skrar/utgefid-efni/Annad/buskaparhaettir.pdf>

¹³ Vefslóð: <https://scholarspace.manoa.hawaii.edu/bitstream/10125/7979/1/GHGS-02.pdf>

¹⁴ Vefslóð: <https://ust.is/library/sida/atvinnulif/starfsleyfi-og-eftirlitsskyrslur/Stjornuegg%20Grant%20bokhald%202019.pdf>

hæna getur skitið svo litlu hlutfalli miðað við innbyrgt magn fæðu og vatns. Uppgufun dregur úr vatnsmagni skítsins en hvernig flokkast hann svo þegar honum er keyrt í opnum trukki tugi kílómetra í rigningu?

3. Fullyrðingar um magn stangast á við opinberar staðhæfingar viðtakanda skíts: Í viðtali við Morgunblaðið, þann 14. apríl 2020 talar bóndinn á Geldingaá um dreifingu skíts frá Stjörnueggjum¹⁵. Í greininni er talað um 100 tonn af skít á viku sem gera 5.200 tonn á ári. Hér gæti þó verið að blessaður maðurinn sé stórkarlalegur í fjölmiðlum, flestir eru stórtækari í orði en á borði. Það vekur óneitanlega athygli að fullyrt er að stækkun eggjabúsins muni skapa 1387 tonn af skít á ári og að sá sem tekur við og dreifir skítinum segir að hann taki við 100 tonnum af skít á viku nú. Þetta gætu þó verið eðlilegar tölur ef framkvæmdaaðili stæði að dreifingunni þegar ekkert frost væri í jörðu, en svo er ekki og ekkert bendir til að svo sé þar sem framkvæmdaaðili hefur ekki tekið fram hvernig skítur er geymdur meðan frost er í jörðu sem og aðrir umsagnaraðilar hafa tekið fram að skít dreifing er allan ársins hring.

4. Fullyrðingar um magn stangast á við flestar heimildir: Það er auðfundið að erlendar heimildir stangast á við fullyrðingar framkvæmdaaðila. Ég hef farið yfir heimildir frá háskólum í Hawaii, Ohio, Arkansas, Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum og hvergi get ég fundið heimild um að hænur skíti svo litlu magni. Til samanburðar þá getum við tekið til hliðsjónar heimild Sp en þar er tekið fram að meðaltal skíts eggjahæna er 120 kg á hverja 1000 fugla á dag.¹⁶ Það þýðir að hver hænna skíti 120 g á dag í stað 40 g. Enn og aftur eru þetta erlendar mælingar, fyrir íslenskar heimildir sjá lið 1.

Hvergi kemur fram í matsáætlun að um einungis þurrefni hænsnaskítsins sé að ræða en gerir það í umhverfisskýrslu. Ef þurrkun skíts er allt í einu forsenda þess að magn skíts sé lítið þá stangast þær gjörsamlega á við lið 3. Í ljósi alls framangreinds er afar mikilvægt að mæling á magni skíts sé gerð af óháðum aðila. Það er ekki traustvekjandi að framkvæmdaaðili og ráðgjafar hans hafi ekki svo mikið sem kannað hvort vatnsból og vatnsverndarsvæði séu undir

¹⁵ Vefslóð: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2020/04/14/dreifir_hundrad_tonnum_af_haensnaskit_i_hverri_viku/ (ekki koma fram gagnstæðar upplýsingar í dagblaðinu sjálfu).

¹⁶ Vefslóð: <http://www.fao.org/3/al718e/al718e00.pdf>

skít dreifingarsvæðinu (en gögn um vatnsvernd og vatnsból eru vel aðgengileg sem kunnugt er). Ennfremur er vekur það tortyggni að framkvæmdaaðili hefur ákveðið að nota vissa þætti úr heimildum, s.s. starfsreglum um góða búskaparhætti, og hunsað aðra, sbr. túlkun hans á skít hænu/dag. Væri vísindalegum vinnubrögðum fylgt þyrft að sanna annaðhvort það að allir útreikningar heimildinnar eru rangir eða þá að aðeins eitt gildi heimildarinnar sé rangt en hin rétt. Misræmi í upplýsingum um magn skíts frá framleiðslunni í kynntri matsáætlun annars vegar og síðari fullyrðingar í svörum til Skipulagsstofnunar nema 100% og svo meira í umhverfisskýrslu. Slík skekkja í framsetningu á upplýsingum er ekki traustvekjandi. Ljóst er að framkvæmdaaðili þarf að leggja fram trúverðuga útreikninga upp á nýtt. Það gæti vel verið að hænurnar á Vallá séu mjög þen og skíti lítið og ég myndi fagna ef svo sé en ef svo væri þá þyrfti samt að endurreikna efnasamsetningu skítsins þar sem ein forsenda heimildarinnar er breytt og leggja þær niðurstöður fram með skýrum hætti.

Ef Skipulagsstofnun treystir framkvæmdaaðila fyrir þessum mælingum þá fer ég fram á að framkvæmdaaðili útlisti eftirfarandi: Tegund og aldur hænsna, gerð mælitækis, tegund og magn fóðurs og aðferðafræði útreikninga. Ef það er ekki tekið fram þá er engin leið til að sannreyna niðurstöðurnar annarsstaðar. Sjálfsögð krafa hlýtur að vera að framkvæmdaaðili og ráðgjafi hans rökstyðji áætlanir sínar og áhrif þeirra með vísindalegum heimildum.

Farið er fram á að Skipulagsstofnun krefjist útskýringa á fullyrðingum framkvæmdaaðila. Í skjali 201712048 er tekið fram orðrétt sem tilvísun í svör framkvæmdaaðila: „Við vinnslu tillögu að matsáætlun hafi verið reiknað með að daglegt magn skíts frá hverjum fugli væri 100g. Það er hins vegar ofmat því daglegt magn skíts er um 50g/fugl. Árlegt magn skíts verður því um helmingi minni en getið er um í tillögu að matsáætlun.

Útreikningar þessir verða uppfærðir í frummatsskýrslu og útskýrt verður hverjar forsendur útreikninga eru.“ Einu forsendurnar sem nefndar eru í umhverfisskýrslu eru þær að skíturinn sé þurrari, það er aldrei tekið fram vatnsinnihald skíts nú, hve mikið hverfur við uppgufun sem hlutfall af

	<i>upprunanlegu magni sem aldrei er vísað í heimild fyrir. Forsendurnar eru eingöngu þær að einhver sagði að skíturinn væri þurrari.“</i>	
10.2	<i>„Varðandi vatnsból þá skal það tekið fram að það var stofnað 1963 og jarðirnar Lækur, Lyngholt og Skipanes sáu um framkvæmd þess að koma vatni frá vatnsbólunni í Geldingaá til jarðanna sjálfra. Samið var við þáverandi eiganda Geldingaár, Ólaf Hallvarðsson, og í samningi stendur að ef vatnsþörf áðurnefndra jarða eykst þá er okkur heimilt að leiða vatn úr nærliggjandi uppsprettu í aðalvatnsæð svo vatnsþörfinni sé fullnægt án endurgjalds. Í umhverfisskýrslu er eingöngu tekið fram að ekki verði dreift 50m frá vatnsbólunni en hér er komið upp lagalegt úrvinnsluatriði þar sem við eigum tilkall til nærliggjandi vatnsæða. Mun Efla skilgreina nærliggjandi vatnsæð sem haldið verði hreinni? “</i>	Framkvæmdaraðili telur þetta atriði sér óviðkomandi. Rétt væri líklega að sú vatnsæð sem hér er nefnd væri meðhöndluð á sama hátt og vatnsból, og að ekki yrði dreift á viðkomandi svæði. Kortlagning á vatnsæð þyrfti að fara fram í samráði við heilbrigðiseftirlit og landeigendur.
10.3	<i>„Af erindi mínu má vera ljóst að ég hef áhyggjur af skít dreifingunni. Þó landgræðsla sé mikilvæg til að laga rofið land þá eru til aðrar leiðir til þess. Mér þykir vænt um mitt vatnsból sem forfeður mínir gerðu og mér þykir vænt um lífríki Grunnafjarðar en á báðu byggji ég lífsgæði fjölskyldu minnar á Læk. Taka skal fram í því samhengi að nú eru menn uggandi yfir fuglaflensu og hvernig hún smitast með skít. Hvert fer skíturinn úr búum Stjörnueggja ef upp kemur fuglaflensa? Fer hún á tún við Grunnafjörð þar sem villtir fuglar geta flogið í hann? Það er augljóst að þessi framkvæmd geti haft gríðarleg neikvæð áhrif á fuglalíf og vatnsból og þá þarf að vanda vel til verka til að svo verði ekki. Í ljósi þess að framkvæmdaaðila ljáðist að greina frá vatnsbólum, vatnsverndarsvæði, Ramsarsvæði sem er stutt frá dreifingarsvæði, ljáðist að vísa faglega í heimildir og að lokum að framkvæmdaaðili segist hafa ofmetið magn skíts á hverja hænu á þeim tímapunkti sem honum er bent á vatnsból, þá hugsa ég til máltækisins: „Sá sem bregst því að undirbúa sig, undirbýr sig til að bregðast.“</i>	Varðandi sýkingarhættu og smitleiðir vegna villtra fugla er vísað til svars við athugasemd í lið 3.4. Jafnframt er vísað til svara við liðum 1.4 og 7.4 þar sem fjallað er um dreifingu hænsnaskíts að Geldingaá.